

Aukaúthlutun úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Úthlutunarnefnd

16. maí 2020 kl. 9:00, Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

Mætt voru: Eva Hrund Einarsdóttir formaður, Hulda Sif Hermannsdóttir, Eiríkur H. Hauksson, Hilda Jana Gísladóttir og Sigurður Þór Guðmundsson. Margrét Víkingsdóttir og Guðni Bragason boðuðu forföll.

Starfsmenn SSNE: Helga María Pétursdóttir og Baldvin Valdemarsson sem rituðu fundargerð.

Fundarsetning:

Formaður, Eva Hrund Einarsdóttir, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsrammi og vanhæfi.

Þann 20. apríl sl. auglýsti SSNE eftir hugmyndum að atvinnuskapandi verkefnum, á sviði nýsköpunar-, atvinnuþróunar-, menningar-, eða umhverfismála, fyrir árið 2020.

Fjárhagsramminn markast af viðbótarfjármunum af hálfu ríkisins sem veittir voru í sóknaráætlanir landshluta vegna áhrifa Covid-19 á samfélagið, sem og auknu fjármagni samtakanna. Heildarfjárhæð til aukaúthlutunar er 42,1 m.kr.

Alls bárust 109 umsóknir og var samtals sótt um rúmar 370 m.kr.

Vegna sérstakra aðstæðna í samfélaginu lagði stjórn SSNE áherslu á að flýta aukaúthlutuninni eins og kostur var. Úthlutunarnefnd var því skipuð með öðrum hætti en áður með það að markmiði að vinna hratt og örugglega úr þeim umsóknum sem bárust.

Um vanhæfi:

Hilda Jana Gísladóttir lýsti yfir vanhæfi vegna umsókna nr. 10 og 75 og vék af fundi undir afgreiðslu þeirra umsókna.

2. Verklag við mat umsókna.

Umsóknum sem stóðust formkröfur var gefin einkunn fyrir eftirtalda liði sem höfðu mismunandi vægi:

- Verk og tímaáætlun (5%).
- Tengsl við markmið sóknaráætlunar (20%).
- Kostnaðaráætlun (5%).

- Samfélagslegt mikilvægi (30%).
- Atvinnusköpun (40%).

Einkunn var notuð til grundvallar við styrkveitingu.

3. Tillaga að styrkveitingu.

Úthlutunarnefnd leggur til að eftirtalin 37 verkefni hljóti styrk úr Sóknaráætlunar Norðurlands eystra vegna aukaúthlutunar 2020.

Heiti verkefnis	Framkvæmdaaðili	Úthlutað
Endurskipulag ferðaþjónustu í Grímsey vegna Covid	Arctic Trip	1.200.000
Niðursuðuverksmiðja	Kopa Food	1.500.000
Stórþari	Snæbjörn Sigurðarson, Hafþór Jónsson og Krossi útgerðarfélag	4.000.000
Rófurækt á Presthólum	Klapparós	2.000.000
Stofnun þróunarvettvangs matvælavinnslu á Akureyri	Mátis, Slippurinn og Kjarnafæði	1.000.000
Tónleikaröð í sumar á Akureyri Backpackers með áherslu á ungt tónlistarfólk	Akureyri Backpackers	300.000
Ræktun á heitsjávarrækju með jarðvarma á Hjalteyri við Eyjafjörð	Hjalteyri	1.000.000
Hátækni gróðurhús á norðurlandi. Áfangi 1: Viðskiptaáætlun	Sigríður María Róbertsdóttir	1.000.000
Hvíta Perlan heilsulind - frá haga til heilsu	Sesselja I Barðdal Reynisdóttir	1.000.000
Upptökur á sinfónískri tónlist fyrir alþjóðlegan afþreyingariðnað	SinfoniaNord	2.000.000
Menningar- og hrútaðagar á Raufarhöfn	Hrútavinafélag Raufarhafnar	300.000
Fundi og ráðstefnur heim	Hrafnhildur E. Karlsdóttir	3.000.000
Skólatónleikar, Stúlkan í turninum	Tónlistarfélag Akureyrar	1.000.000
Aukið verðmæti sjávarfangs - Markaðssókn Primex I	Primex	1.500.000
Stafrænt ferðalag um Norðurland/Ísland	Markaðsstofa Norðurlands	3.000.000
Norðlenskur iðnviður fyrir PCC á bakka	Skógræktin og PCC	1.000.000
Í myrkri eru allir kettir gráir	Umskiptingar	500.000
Aðstöðusköpun tilraunaræktunar ostru á landi	Víkurskel	3.000.000
Miðbærinn - hjarta Akureyrar Næsta skref - ferðumst innanbæjar	Miðbæjarsamtökin á Akureyri	1.000.000
Menningarviðburðir í Hlöðunni	Þórhildur Örvarsdóttir og Skúli Gautason	500.000
Jólasaga	Jenný Lára Arnórsdóttir	1.000.000
Eyja	Steinunn Knúts-Önnudóttir, Gréta Kristín Ómarsdóttir	700.000
Gestagata á Melrakkaslétu	Rannsóknastöðin Rif	700.000

Risakusa og dýrin í Eyjafjarðarsveit	Ferðamálafélag Eyjafjarðarsveitar	1.000.000
Markaðssetning fyrir Melar gistiheimili og Bakkaböðin	Hildur Óladóttir	500.000
Lilja	Vala Fannell, Gunnar Örn Arnórsson	800.000
Leiðarvísir um fjallaskíði á Norðurlandi Útgáfa upplýsinga fyrir fjallaskíðamennsku á Norðurlandi í formi bókar, vefsíðu og kynningarefnis	600 Norður	700.000
Störf og afþreying á íþróttasvæði UMF Einingarinnar	Ungmennafélagið Einingin	1.000.000
Matarstígur Helga magra	Matarstígur Helga magra	1.000.000
Efling sagnamiðlunar	Iðnaðarsafnið á Akureyri	300.000
Nútímafærsla Skjálftasetursins á Kópaskeri	Skjálftafélagið	500.000
Live Entertainment and Local Culture at Langanes	KNA Veitingar	300.000
Fullorðið fólk	Leikhópurinn SingleEnsemble	1.000.000
Starfsemi Þjóðlagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði árið 2020 og sumartónleikar í Þjóðlagasetrinu	Félag um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar	1.000.000
Framtíðarhúsnæði fyrir Könnunarsafnið á Húsavík	Fasteignafélag Húsavíkur - Örlygur Hnefill	1.000.000
Aukum innlenda framleiðslu – samvinna hönnuða og framleiðenda á Íslandi	Vorhus	500.000
Tónleikaröð í Fræðasetri um forystufé	Fræðasetur um forystufé	300.000

Fundi slitið kl. 16:00.